

austurhlutanum. Bætist útsóknirnar við hefir dómkirkjuprestur á hendi húsvitjun og manntal í Viðeyjarsókn, en annar prestur í Lágafellssókn.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til birtingar fyrir prestunum og fyrir söfnuðinum á þann hátt, sem þjer teljið best henta.

61  
28. maí

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar.**

62  
25. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Álftaneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Herjólfsstöðum að Þykkvabæjarklaustri, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

## Reglugjörð

63  
15. apríl

um

### hundalækningar í Ísafjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um að allir hundar bæjarmanna, 4 mánaða og eldri, sjeu læknaðir af bandormum og ræður í því skyni 2 menn, er hafi með höndum lækningu hundanna, skrásetning þeirra og eftirlit alt, er reglugjörð þessi gerir ráð fyrir.

Enginn bæjarbúi, að undanteknum embættismönnum, bæjarstjórn og starfsmönnum bæjarins, getur skorast undan að gegna starfi þessu 3 ár í senn.

#### 2. gr.

Hundaeigendur skulu hafa helsi á hundum sínum með fangamarki eiganda eða öðru einkenni.

Heilbrigðisnefnd afhendir lækningamönnum bók, er árlega skulu í skráðir hundar bæjarins, aldur, heiti, mark á helsi þeirra, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skráð, hvenær lækningar fari fram og með hverjum árangri.

#### 3. gr.

Steinlimdan kofa til lækninganna lætur bæjarstjórn gjöra og skal færa þangað hunda til lækningar samkvæmt auglýsingu lækningamanna.